



Fundargerð

369. fundur hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn miðviku-
daginn 14. febrúar 2007, á skrifstofu Tálknafjarðhrepps
kl. 17.00. Mættir voru undirritaðir.

Dagskrá

1. **Fundargerðir nefnda.**
 - a) Fundargerð skólanefndar 18.1.2007
 - b) Fundargerð skólanefndar 25.1.2007
 - c) Fundargerð samráðsnefndar 29.1.2007
 - d) Fundargerð framhaldsdeildarnefndar 12. 1. 2007Fundargerðir samþykktar samhljóða.
2. **Skipun eins aðalfulltrúa Tálknafjarðarhrepps í Almannavarnarnefnd Vestur-Barðastrandasýslu og eins til vara.**

Oddviti lagði til að Guðni Ólafsson verði skipaður sem aðalmaður í nefndina. Bragi tilnefndi Heiðar Jóhannsson sem varamann í nefndina. Tilnefningarnar voru samþykktar samhljóða.
3. **Tilnefningar í starfshóp vegna svæðisskipulags og framtíðarsýn fyrir Vestfirði.**

Oddviti lagði til að Lilja Magnúsdóttir verði skipuð sem fulltrúi Tálknafjarðarhrepps í starfshópinn. Samþykkt samhljóða.
4. **Drög að samþykkt um kattahald fyrir Tálknafjarðarhrepp.**

Lagt fram til kynningar. Oddviti lagði til að drögin verði sett inn á heimasíðuna svo íbúar sveitarfélagsins geti lesið þau og komið með ábendingar fyrir næsta fund hreppsnefndar þar sem málið verður afgreitt endanlega. Samþykkt samhljóða.
5. **Tillaga að breytingu á samþykkt um hundahald í Tálknafjarðarhreppi.**
 - Fella út g)-lið 2. greinar.Breytingin var samþykkt með 4atkvæðum, Ingólfur var á móti. Ingólfur Kjartansson lagði fram eftirfarandi bókun: “Undirritaður vill taka fram varðandi samþykkt um hundahald að hann er alfarið á móti öllum undanþágum varðandi hundahald. Í raun dugar 1.grein samþykktarinnar fullvel sem reglugerð um hundahald en þar stendur: “Hundahald er bannað í Tálknafjarðarhreppi að undanteknum þarfahundum á lögbýlum og hundum sem notaðir eru til leitar og björgunarstarfa svo og aðstoðar hundum blindra og fatlaðra.”
6. **Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.**
 - umsögn um drög að reglugerð um takmarkanir á tóbaksreykingum



Eftirfarandi umsögn var lögð fram: “Hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps tekur heilshugar undir drög að reglugerð um takmarkanir á tóbaksreykingum og gerir engar athugasemdir við drög þessi”. Samþykkt með 4 atkvæðum, Bragi Gunnarsson sat hjá.

7. Erindi frá samgöngunefnd Alþingis.

Umsögn um frumvarp til vegalaga.

Þingskjalíð er á slóðinni : www.althingi.is/altext/133/s/0548.html

“Hreppsnefnd tekur undir sérálit þriggja fulltrúa í nefnd um endurskoðun vegalaga og kemur fram í fylgiskjali I með frumvarpi til vegalaga þingskjal 548 – 437. mál.” Samþykkt samhljóða.

8. Sjávarútvegsráðuneytið.

a) Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða. Þingskjal 520 - 432. mál, skilgreining veiða í atvinnuskyni.

b) Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 11/2006, um stjórn fiskveiða Þingskjal 624 - 459. mál, úthlutun byggðakvóta.

Lagt fram til kynningar.

9. Fjárhagsáætlun Tálknafjarðarhrepps til þriggja ára 2008-2010.

- fyrri umræða.

Fjárhagsáætlun var vísað til seinni umræðu án athugasemda. Samþykkt samhljóða.

10. Upplýsingagjöf framkvæmdarstjóra

a) Sorpeyðingarmál. Oddvita var veitt heimild til ganga til samninga um sorpeyðingu við Ísafjarðarbæ fyrir hönd Tálknafjarðarhrepps. Samþykkt samhljóða.

b) Oddviti sagði frá fundi fulltrúa sveitarfélaga á Vestfjörðum með Ríkisstjórn Íslands, sem haldinn var í Reykjavík þann 2. febrúar sl.

c) Oddviti kynnti fyrir hreppsnefndarmönnum efni frá fundi sem haldinn var með starfsmönnum Fjarskiptasjóðs þann 25. janúar sl., þar sem greint var frá uppbyggingu GSM- og háhraðasambands á landinu. Hreppsnefnd fagnar fyrirhugaðri uppbyggingu á áfanga 1, á GSM sambandi á Vestfjörðum.

11. Önnur mál.

a) Eyrún lagði fram bréf frá Andra Lefever, vegna fyrirhugaðrar ferðar ungmenna á skemmtun á vegum SAMFÉS þann 2.-4. mars nk. Farið er fram á að sveitarfélagið styrki ungmennin til þessarar ferðar. Hreppsnefnd ákvað að fela Oddvita að ganga frá málinu við Andra.

b) Ásdís Auðunsdóttir sagði frá vinnu sem verið er að vinna í þjónustuhóp aldraðra í V.-Barðastrandasýslu. Í þeirri vinnu er gert ráð fyrir að gera könnun meðal aldraðra til að meta þörf og óskir um þjónustu.

c) Ályktun um samgöngumál

“Hreppsnefnd fagnar þeim áherslum sem nú eru settar fram í tillögum að samgönguáætlun 2007-2010 og 2007 – 2018. Falla þær að stefnu



sveitarfélagi á Vestfjörðum í samgöngumálum frá árinu 1997 og endurskoðun hennar frá árinu 2004. Þá er mikilvægt að Alþingi samþykki fjárveitingar sem tryggja framgang samgönguverkefna á Vestfjörðum í þeirri tímaröð sem þau eru sett fram í samgönguáætlun. Þá lýsir hreppsnefnd ánægju sinni með að samgönguráðherra hafi komið á vettvang á Ísafirði til að kynna samgönguáætlun og undirstrika þar með stöðu Vestfjarða í samgöngumálum og þær áherslur sem fram eru settar í samgönguáætlun."

Fundargerð lesin upp og hún samþykkt með smávægilegum breytingum.

Fleira ekki fyrir tekið og fundi slitið kl. 18.50.

Eyrún I. Sigþórsdóttir
Eyrún I. Sigþórsdóttir oddviti

Bragi Geir Gunnarsson
Bragi Geir Gunnarsson

Ingólfur Kjartansson
Ingólfur Kjartansson

Bjarnveig Guðbrandsdóttir
Bjarnveig Guðbrandsdóttir

Ásdís Auðunsdóttir
Ásdís Auðunsdóttir

Helga Jónasdóttir fundarritari
Helga Jónasdóttir fundarritari